

Fundur haldinn í Menningar- og æskulýðsnefnd að Húnavöllum,
fimmtudaginn 24. ágúst 2017, klukkan 21:00.

Mætt voru: Pálmi Gunnarsson, Maríanna Þorgrímsdóttir og Berglind Baldursdóttir.

Pálmi Gunnarsson, formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá:

1. Íbúahátíð Húnavatnshrepps 2017:

- Samþykkt var með rafrænum hætti að halda íbúðahátíð föstudaginn 25. ágúst 2017 að Húnavöllum.
- 140 íbúar hafa skráð sig á íbúahátíðina.
- Hoppukastala hafa verið fengnir hjá Skátum, 9. og 10. bekkingar Húnavallaskóla munu sjá um gæslu á þeim.
- Húnavellir ehf. sjá um veitingar.

2. Umhverfisverðlaun Húnavatnshrepps:

- Til grundvallar að mati dómnefndar liggur:
 - Umhverfi bæjar snyrtilegt.
 - Íbúðarhúsnæði og útihúsum vel við haldið.
 - Greinileg alúð lögð í umhverfi sitt á jörðinni.
- Samþykkt var að Torfalækur 1 og 2 hlyti umhverfisverðlaun hreppsins fyrir árið 2017.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 22:00

Pálmi Gunnarsson

Maríanna Þorgrímsdóttir

Berglind Baldursdóttir